

lagsins hönd og í von um að fá hann endurgoldinn hjá því síðarmeir, og að hann því geti eigi krafizt hans hjá gagnáfrýjanda einum. Þegar af þessum ástæðum verður að fallast á, að undirdómarinn hefur vísað þessum kröfupósti á bug.

Samkvæmt hinu framanritaða ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, bæði í aðalefni hans og að því er snertir málskostnaðarákvæði hans og sektarákvæðið, sem þykir nægilega rökstutt af undirdómaranum. Undirdómaranum, sem stefnt hefur verið í gagnsóknarmálinu, verður eigi tildæmdur málskostnaður, með því að hann eigi hefur mætt í yfirdóminum, nje heldur látið málflutningsmann mæta þar fyrir sig með löggildingu til þess. Eptir atvikum á málskostnaður fyrir yfirdómi að falla niður.

Þ v í d æ m i s t r j e t t a ð v e r a :

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur á að vera óraskaður. Málskostnaður falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 58/1893:

Hið opinbera
gegn
Jóhannesi Sigurðssyni.

D ó m u r :

Með lögreglurjettardómi Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 16. nóvember f. á., var hinn kærði Jóhannes Sigurðsson dæmdur fyrir brot gegn viðaukalögum 22.

marz 1890, 1. gr., til að greiða 15 kr. sekt og að auki samkvæmt tilskipun 20. júní 1849, 11. gr. til að greiða 1—einnar—krónu sekt, og skyldu sektirnar óskiptar renna í bæjarsjóð Reykjavíkur; auk þess var kærði dæmdur til að greiða allan málskostnað. Dómi þessum hefur verið áfrýjað til yfirdómsins eptir ósk hins kærða.

Í máli þessu er hinn kærði sakaður fyrir að hafa drepið og hagnýtt sjer æðarfugl, og eru hin nánari atvik hjér að lútandi þessi. Eitt vitni Brynjólfur Eiríksson hefur borið það, að hann hafi laugardagsmorguninn 4. nóv. f. á., þá er eigi enn var orðið fullbjart, sjeð kærða skjóta fugl í vörinni, þar sem vitnið lendir, og virtist vitninu það vera æðarfugl, þó það eigi hafi þorað að staðhæfa það, með því að eigi var orðið hjart; vitnið tjáir að Jóhannes hafi hirt fuglinn. Þennan framburð hefur Brynjólfur staðfest með eiði. Vitnið Jóhann Guðmundsson hefur borið, að þegar hann nefndan laugardagsmorgun hafi komið úr fiskiróðri og lent í vörinni fyrir neðan Móakot, hafi hann heyrt skot þar rjett hjá og hafi skotið hitt æðarblika rjett fyrir fram an vörina, og drapst æðarblikinn af skotinu. Jafnframt sá vitnið hinn kærða standa þar skammt frá með byssu, en hann sá hann ekki skjóta. Rjett á eptir lenti annar bátur þar í vörinni eða í vör rjett fyrir austan, og var Eyjólfur Ólafsson formaður á bátinum; einhver á þessum bát hirti fuglinn, sem þá flaut í vörinni. Alveg samhljóða skýrslu ber Guðmundur Jóhannesson, sem var formaður á bát þeim, sem áður nefnt vitni Jóhann reri á, og kveðst hann eigi geta hugsað sjer, að skotið hafi komið frá öðrum en kærða, þó hann hafi eigi sjeð hann skjóta. Þá hafa og vitnin Jón Jónsson

og Sigurður Jónsson borið næstum og í öllu verulegu samhljóða skýrslu eins og 2 síðastnefnd vitni. Jón sá hinn kærða standa skammt frá vörinni með byssu, og Sigurður tekur það fram, að hann álíti að enginn annar hafi getað skotið þar og þá en hinn kærði, því að enginn annar hafi verið þar nálægt með byssu. Síðastnefnd 4 vitni hafa staðfest framburð sinn með eidi. Vitnið Eyjólfur Ólafsson — sem að öðru leyti hefur orðið tvisaga — hefur skýrt frá, að þegar hann tjeðan laugardagsmorgun var að lenda í áðurnefndri vör, hafi hann sjed fugl á floti fyrir framan Veghúsavörina, og tekið hann upp í bátinn, af því að honum sýndist það vera máfur, en eigi var orðið alljóst af degi. Rjett áður heyrði hann skot, án þess að vita, hvaðan það kom. Hann tók fuglinn með sjer í land, og kveðst hafa afhent hinum kærða fuglinn með því að hann hafi pótzt eiga með hann, en þá var hann kominn að raun um, að fuglinn var æðarfugl. Alveg samhljóða skýrslu hefur vitnið Þórarinn Þórarinsson, er var sjómaður hjá Eyjólfu, gefið um það, að þeir fundu æðarfuglinn fyrir framan vörina, tóku hann upp í skipið, fóru með hann í land og afhentu hann Jóhannesi. Vitnin Eyjólfur Ólafsson og Þórarinn Þórarinsson staðfestu framburð sinn með eidi.

Hinn kærði hefur aptur á móti staðfastlega og stöðuglega neitað því, að hann hafi skotið nokkurn æðarfugl, hvorki hinn umrædda laugardagsmorgun nje endranær; þennan laugardagsmorgun hafi hann að vísu hleypt af byssu að eins til að hreinsa hana, og hafi hann þá verið á klöppinni fyrir neðan Norðurklöpp. Vitnin hafi borið hitt ranglega á sig. Hann neitar því enn fremur, að hann hafi tekið fuglinn hjá Eyjólfu og

látið í ljósi, að hann ætti með hann; hann þykist að eins hafa tekið á fuglinum.

Þrátt fyrir framanritaða vitnisburði, og með tilliti til þess, að Brynjólfur Eiríksson eigi hefur getað staðhæft, að það hafi verið æðarfugl, sem hinn kærði skaut, og fyrir því eigi hefur getað fullyrt, að hann hafi hirt æðarfugl, og með því að vitnisburður Eyjólfssonar er mjög á reiki, svo að hann enda hefur orðið tvísaga um þetta atriði, getur það þó eigi talizt alveg nægilega sannað, gegn ýtarlegri neitun hins kærða, að hann hafi *viljandi* skotið áminnztan æðarfugl, nje heldur að hann hafi hirt eða hagnýtt sjer hann. Ber því að sýkna hinn kærða fyrir ákæru hins opinbera í þessu máli. En eptir atvikum þykir rjett, að hann greiði allan kostnað af málinu bæði fyrir lögreglurjettardóm-inum og fyrir yfirdómi, þar með talin málf lutnings-laun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors. Það vottast að rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus, og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn kærði Jóhannes Sigurðsson á að vera sýkn fyrir kæru sóknarans í þessu máli. Þó ber honum að greiða allan kostnað sakarinnar bæði fyrir undirrjetti og fyrir yfirdómi, þar með talin málf lutningslaun til hinna skipuðu málsfærslumanna, cand. jur. Eggerts Briem og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 19. febrúarmánaðar.

Nr. 33/1893:

Björn Hermannsson

gegn

Birni presti Þorlákssyni.

D ó m u r :

Litlu fyrir jól 1890 ljet presturinn Björn Þorláksson á Dvergasteini birta Birni bónda Hermannssyni útbýggingu af ábýli hans Selstöðum, tilheyrandi Dvergasteins prestakalli, til næstu fardaga þar eptir, en hinn 4. maí 1891 samdist svo með þeim skriflega, að Björn Hermannsson sagði lausum Selstöðum frá fardögum 1891, en áskildi sjer um leið, að vera þar næsta ár sem húsmaður, er meðal annars hefði öll landnot jarðarinnar gegn ákveðnu eptirgjaldi. Björn prestur Þorláksson þar á móti áskildi sjer, að fá í fardögum 1891 keypt öll þau hús, er Björn bóndi átti á jörðinni, fyrir hæfilegt verð eptir samkomulagi, eða eptir tveggja óvilhallra manna mati á þeim í fardögum 1891, en andvirðið átti þó eigi að greiða fyr en í fardögum 1892. Úttekt á jarðarhúsunum átti að gjöra í fardögum 1891. Var hún þá og gjörð og metið bæði álag á jörðina og hús hennar, og virt þau hús, er Björn bóndi átti þar sjálfur. Í fardögum 1892, er hann færi alfarinn, átti svo eptir samningnum að draga frá það, er húsin hefðu rýrnað í verði á árinu. Þar eptir sótti heilsulasleiki að Birni bónda, svo hann treystist eigi að sjá um hag